


Umsókn um leyfi til rallýkeppni

Keppni: Rallý Reykjavík 2023 – haldin af BÍKR

Staðsetning: Sörlaholt / gamla hesthúsahverfið

Dagsetning: Föstudagur 18. ágúst

Tímasetning: 19:00-21:00



Rallý Reykjavík er alþjóðleg og stærsta rallýkeppni hvers keppnistímabils, haldin af Bifreiðaíþróttaklúbbsi Reykjavíkur (BÍKR). Keppnir sem þessar fara fram á lokuðum þjóðvegum, þar sem fljótasta áhöfnin ber sigur úr býtum. Keppnisbílar eru ræstir með mínútu millibili og keppast áhafnirnar um það að komast í endamark á sem skemmstum tíma. Keppnir sem þessar fara vitanlega lítið sem ekkert fram í mikilli nálægð við íbúðarbyggð, en til þess að auka sýnileika keppnanna og laða að áhorfendur hafa oft verið settar upp stuttar sérleiðir innan bæjarmarka. Við hjá BÍKR vildum kanna hjá ykkur Kópavogsbæ hvort möguleiki væri að fá að nota malarvegina í kring um horfnu hesthúsin í lindarhverfinu (við Sörlaholt) fyrir lítinn hluta af keppninni okkar. Áætlað er að keyra tvær umferðir um leiðina sem merkt er á myndina, ekki þyrfti að loka neinum öðrum götum eða göngustígum í kring. Allar lokanir og gæsla yrði framkvæmd af okkar sjálfboðaliðum. Fyrri ferðin yrði sennilega ræst af stað um 19:30 og sú seinni 20:00, þannig að ekki raskist svefnrö fyrir nýju íbúðirnar í nágrenninu. Við áttum okkur á að við þurfum einnig leyfi frá Sorpu, þar sem ekið er um svæði þeirra þarna efst í hlíðinni.

F.h. Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur / BÍKR;
Magnús Þórðarson
S:661-2942